

**Mál nr. 114/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á Fífuhvamsvegi í Kópavogi við gatnamót Reykjanesbrautar þann 20.4.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 7.6.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 22.6.2007.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið eftir vinstri akrein beygjureinar til vinstri áleiðis að Reykjanesbraut. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið eftir hægri akrein beygjureinarinnar við hlið A. Rákust þá saman hægra framhorn A og aftanverð vinstri hlið B. Engar vegmerkingar voru á gatnamótunum þegar áreksturinn varð.

Ökumaður A kvaðst vera viss um að hann hafi verið á sinni akrein þegar áreksturinn varð. Hafi hann farið utan í vinstri afturhurð B sökum þess að B hafi verið ekið yfir á akrein A.

Ökumaður B kvaðst hafa verið í beygjunni er hann hafi heyrt bremsuhljóð. Þá hafi A verið ekið í hlið bifreiðar hans.

**Álit.**

Ökumenn greinir verulega á um tildrög árekstursins. Í gögnum málsins er ekki getið um nein verksummerki á vettvangi sem sýndu staðsetningu ökutækjanna á akbrautinni. Engum vitnum er heldur til að dreifa sem borið geta um málsatvik. Af málgögnum verður því ekkert ráðið hvort áreksturinn verði rakinn til þess að ökumaður A hafi tekið of víða beygju eða ökumaður B of þrönga. Verður því ekki fullyrt að annar ökumaðurinn eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Samkvæmt þessu, sbr. og 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, skiptist sökin því að jöfnu milli ökumanna.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 17. júlí 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.